

## Málþing Rf og Háskólans

### Ávarp

Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri sem stofnuð var 1990 var fyrsta og eina deildin í íslenskum háskóla sem var sniðin að þörfum íslensks sjávarútvegs. Með tilkomu Auðlindadeildar, en hún tók til starfa haustið 2002 á styrkum stoðum fyrrum Sjávarútvegsdeildar skapaðist einstakt tækifæri fyrir Háskólann á Akureyri að byggja upp sérstöðu á ýmsum veigamiklum sviðum auðlindafræða hér á landi. Auðlindadeildin er nú eina deildin innan íslenskra háskóla sem leggur áherslu á hið þverfaglega svið auðlindafræða, þar sem saman fara nám og rannsóknir í raunvísindum og tæknigreinum samhliða áherslum á auðlindahagfræði, stjórnunar- og markaðsfræði. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og skipulags, og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpunar. Sjávarútvegsfræðin er nú enn sem fyrr helsta áherslusvið og lífæð deildarinnar.

Innan Auðlindadeildar er sérstök áhersla lögð á nám og rannsóknir í sjávarútvegs- og fiskeldisfræði, örverufræði og auðlindalíftækni, matvælafræði, og umhverfisfræði. Einnig er verið að byggja upp nám í orkufræðum með áherslu á efnistækni og endurnýjanlegar orkuauðlindir. Auk 90 eininga B.Sc. náms sem nú er í boði, er stefnt að bjóða upp á alþjóðlegt, rannsóknatengt meistaranám (M.Sc.) á öllum fræðasviðum deildarinnar í byrjun haustmíssis 2005, í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir. Auðlindadeildin býður upp á fjarnám sem hægt er að stunda víða um land.

Auðlindadeild á náið samstarf við ýmsar rannsóknarstofnanir á vegum ríkisins sem og fyrirtæki. Þar þar hæst farsælt samstarf við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknarstofnun, sem m.a. felst í sameiginlegum rannsóknarstöðum - tveimur hjá Hafró (Hreiðar Þór Valtýsson og Steingrímur Jónsson) og von bráðar tveimur einnig hjá Rf (Rannveig Björnsdóttir). Sömu sögu er að segja um gott samstarf við líftæknifyrirtækin Prokaria og Primex og samstarf við ýmis sjávarútvegsfyrirtæki, m.a. Brim og Samherja hér á Akureyri.

Á sviði umhverfis- og orkumála hefur Háskólinn gert samstarfssamninga við Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR), Vatnamælingar Orkustofnunar, Landmælingar Íslands, Veðurstofu Íslands og Norðurorku. Jafnframt styrkir Landsvirkjun

Háskólann með því að kosta prófessorstöðu í jarðhitafræðum við Auðlindadeild. Á næstu misserum er stefnt að auknu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Siglingastofnun.

Þann 8. september síðastliðinn gaf Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) Háskólanum fullkomna neðansjávarmyndavél með öllum tilheyrandi tækjabúnaði (þ.m.t. farartæki eða “kafbát” með gripörmum til sýnatöku, ljósbúnað, sónartæki, fjarstýringarbúnað, og ljósleiðarakapal). Er þetta stærsta gjöf sem Háskólanum hefur verið veitt, metin á um 30 m.kr. Fjarstýrða griparma má nota til sýnatöku og smáverka neðansjávar. Þessir möguleikar hafa í för með sér byltingarkenndar umbætur á tæknilegri rannsóknargetu neðansjávar. Háskólinn hefur falið Auðlindadeild umsjón búnaðarins og verður hann notaður til rannsókna á vegum deildarinnar. Búnaðurinn mun nýtast vel við m.a. veiðarfærarannsóknir, rannsóknir á líf- og vistfræði nytjafiska og annarra lífvera sjávar, rannsóknir á eiginleikum hafbotnsins, og við rannsóknir á umhverfisáhrifum framkvæmda og mengun sjávar. Sérstök verkefnisstjórn hefur umsjón með notkun búnaðarins en þar situr m.a. Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins. Mun Erlendur Bogason fjalla frekar um notagildi neðansjávarmyndavélarinnar í tengslum við atferlissrannsóknir á nytjafiskum hér á eftir.

Í síðasta mánuði flutti Háskólinn á Akureyri og samstarfsstofnanir hans í þetta nýja rannsókn- og nýsköpunarhús sem hlotið hefur nafnið Borgir. Hér að Borgum er að finna framúrskarandi aðstöðu og glæsilega umgjörð utan um það rannsókn- og kennslusamstarf sem þegar hefur tekist milli Háskólans á Akureyri, rannsóknastofnana og fjölmargra fyrirtækja.

Svo dæmi sé tekið af því kennslu og rannsóknarými sem Háskólinn hefur þar til umráða má nefna örveru- & líftæknistofu, efnafræði- og raunvísindastofu, matvælarannsóknastofu, umhverfis- og jarðvísindastofu, umhverfisefnafræðistofu, eðlisfræðistofu og tölvunarfræðistofu. Um er að ræða afar fullkomnar kennslu- og rannsóknastofur en aðstaðan þar skapar grundvöll að vísindastarfsemi sem mun styrkja Háskólann sem stofnun, aðrar stofnanir í rannsóknahúsinu og atvinnulíf og þjóðlíf um land allt. Mestu máli skiptir þó framlag þeirra ágætu vísindamanna og annars starfsfólks sem í húsinu vinna. Rannsóknir þeirra munu leiða til nýsköpunar og framfara við áframhaldandi uppbyggingu hins íslenska samfélags.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka sjávarútvegsráðherra Árna M. Mathiesen kærlega fyrir stuðning hans við samstarf Háskólans, Rf og Hafró. Sérstaklega vil ég þakka þér Árni fyrir öflugan stuðning við uppbyggingu rannsókn- og nýsköpunarhússins. Á ýmsu gekk við undirbúning þess og þegar öll sund virtust

lokuð var gott að leita til sjávarútvegsráðherra sem opnaði þær leiðir sem áður höfðu virst lokaðar.

Nú nýlega var gerður samstarfssamningur á milli Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og Háskólans á Akureyri, um "samstarf um líftækni".

Markmið samstarfsins er að efla rannsóknir og tækniþróun á sviði líftækni í þágu íslensks atvinnulífs. Um er að ræða þróunarverkefni sem byggir á þeim meginhugmyndum sem settar eru fram í skýrslunni "Líftækninet í auðlindanýtingu".

Verkefnið hófst í október á þessu ári og stendur til ársloka 2007. Hlutverk verkefnisins er að koma á virku samstarfi á milli þeirra sem vinna við líftæki í þágu íslensks atvinnulífs. Auglýst verður eftir umsóknum um rannsóknaverkefni á næstunni með umsóknarfresti til 1. febrúar nk.

Líftækninetið á að vinna að því að efla greinina og auka samkeppnishæfni; samhæfa rannsóknartengd þróunarverkefni; auka samstarf og gagnvirka þekkingaruppbyggingu milli líftæknifyrirtækja, rannsóknateyma og háskólastofnana; og bæta nýtingu fjármagns til þróunar og verkefna á sviði auðlindalíftækni t.d. með samstarfi við erlenda aðila.

Verkefnið er í grundvallaratriðum s.k. netsamstarf, sem felur í sér samstarf aðila sem geta haft starfsvettvang á ólíkum stöðum. Styrkleiki samstarfsins byggir á samlegð mismunandi sérfræðiþekkingar, samnýtingu búnaðar og aðstöðu og meiri líkum á árangri með stærri rannsókn- og þróunarverkefni. Einn verkefnisstjóri með þekkingu á nýsköpun og atvinnuþróun stýrir netsamstarfinu og hefur Jóhann Örlygsson, dósent við HA verið ráðinn til þessa starfa.

Samstarfsaðilar hafa tilnefnt einn fulltrúa hver í verkefnastjórn en hlutverk hennar er fyrst og fremst stefnumótun sem fylgi almennum áherslum í stefnu vísinda og tækniráðs. Verkefnastjórnin skal stefna að því að eftir að þróunarsamningi þessum lýkur verði áfram til netsamstarf á milli fyrirtækja, háskóla og stofnana um rannsóknir og tækniþróun á sviði líftækni. Mikil áhersla verður lögð á samstarf við sjávarútvegsfyrirtæki.

Lagt verði óháð faglegt mat á verkefnið í lok samningstímans. Á grundvelli þess munu hlutaðeigandi aðilar fjalla um það hvort framhald verði á verkefninu og, ef svo á að vera, hvernig verði að því staðið.

Það er staðföst trú okkar að þessi starfsemi hafi alla burði til að geta orðið mikil lyftistöng fyrir eflingu líftækni- og rannsóknarstarfsemi á Norðurlandi. Til þess að svo megi verða þurfa allir hagsmunaaðilar að taka höndum saman og vinna að því að nýta þetta tækifæri til eflingar svæðisins á vettvangi sem getur náð langt út fyrir vísinda- og rannsóknarstarfsemi. Til að mynda geta orðið til uppsprettur hugmynda, fyrirtækja og sérhæfðra þjónustuaðila við þessa nýju starfsemi hér á svæðinu. Opinberar stofnanir geta þá líka séð tækifæri á staðsetningu ákveðinna deilda í sinni rannsóknarstarfsemi í tengslum við þetta “miljö” rannsókna og tæknistarfs. Náðst hefur gott samstarf við fagråd um líftækni sem starfar á vegum AVS-sjóðs sjávarútvegsráðherra m.a. um mat á styrkjum til líftækninetsins.

Matvælasetur HA:

*Matvælasetur Háskólans á Akureyri (MHA)*, sem tók til starfa um áramótin 2000 og er styrkt af sjávarútvegsráðuneyti, er einnig starfrækt í tengslum við Auðlindadeild, en lýtur sérstakri stjórn. Skilgreint hlutverk MHA er að styrkja og styðja uppbyggingu Háskólans á Akureyri varðandi rannsóknir og rannsóknatengt nám á matvælasviði. Meginmarkmið er að auka öryggi og verðmæti íslenskra matvælaafurða. Hlutverk þess er meðal annars að samhæfa rannsóknir fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi. Í þeim efnum hefur setrið meðal annars tekið þátt í rannsóknaverkefnum, komið að tækjakaupum, veitt ráðgjöf og unnið að skýrslum um möguleika í líftækni hér á landi. Tæki, gasgreinir og DNA-greiningatæki, hafa verið keypt í samvinnu við RF annarsvegar og Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar hinsvegar. Bæði þessi tæki eru staðsett inná svæði viðkomandi stofnanna hér á Borgum. Matvælasetrið hefur yfir að ráða 50 fermetra rannsóknarými í Borgum ásamt skrifstofum fyrir forstöðumann og mögulega skrifstofum fyrir aðila í tímabundnum verkefnum. Unnið er að heildarmótun setursins og er ljóst að áherslu þess munu breytast enn á ný á árinu þar sem að samstarfið mun verða fyrst og fremst á milli HA, Sjávarútvegsráðuneytisins og RF.

Flest þau verkefna sem Matvælasetrið hefur unnið fram að þessu er lokið eða hafa fengið hýsingu hjá öðrum stofnunum eða fyrirtækjum. Það er því ljóst að Matvælasetrið hefur komið að mörgum hagnýtum og áhugaverðum verkefnum sem hafa leitt af sér bæta starfsemi fyrirtækja eða betri rannsóknastaðstöðu fyrir hina ýmsu aðila. Þannig hefur setrið getað uppfyllt hlutverk sitt að vera sá aðili sem tengir saman ólíka hagsmuni innan matvælageirans með það að markmiði að styrkja framleiðslu og rannsóknarumhverfi hans.

Í þessu erindi hef ég farið yfir helstu þætti í starfsemi auðlindadeildar og tveggja verkefna sem unnið hefur verið að í samstarfi við sjávarútvegsráðuneyti, þ.e.

matvælasæturs og líftækninets. Hér um verkefni að ræða sem hafa mikla möguleika fyrir sér. Hér á eftir munu kennarar við auðlindadeild og fleiri gera grein fyrir rannsóknaverkefnum sem munu styrkja enn frekar starfsemi deildarinnar og íslenskt atvinnulíf. Sú mikla þekking á möguleikum sjávarútvegs og þróun matvæla sem hér verður gerð grein fyrir er ekki síst til komin vegna þess að gott samstarf hefur náðst við sjávarútvegsráðuneytið, rannsóknastofnanir og fyrirtæki í þessum atvinnugreinum.